

Nr. 17-053 S 036 Maró SK 33**Vélarvana og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 2833
Smíðaður: Akureyri 2012, plast
Útgerð: Maró slf
Stærð: 9,10 bt.
Mesta lengd: 9,98 m Skráð lengd: 9,96 m
Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,49 m
Vél: Yanmar 211 kW, 2012
Fjöldi skipverja: 2



Maró©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2017 var Maró SK 33 á strandveiðum á Skagafirði. Veður: ANA 5 m/s.

Tilkynnt var um bilun og óskað eftir aðstoð. Helga Guðmundsdóttir SK 23 dró Maró til hafnar á Sauðárkróki.

Við rannsókn kom fram:

- að hældrifið á bátnum brotnaði;
- að skipverjar urðu ekki varir við að neitt rekald færi í skrúfunu;
- að drifið var dæmt ónýtt og skipt út fyrir nýtt.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.